

*Sent í tölvupósti*

Reykjavík, 23. nóvember 2023

Umhverfis- og samgöngunefnd  
v.t. Bjarni Jónsson, formaður

**Efni: Umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt, 61. mál, 154. löggjafarþing.**

Bændasamtökin styðja þingsályktunartillögu þessa.

Bændur hafa verið frumkvöðlar í bæði landgræðslu og skógrækt og tekið virkan þátt í þeim verkefnum sem hafa verið í boði eins og Bændur græða landið og Bændaskógar. Jafnframt hafa bændur haft frumkvæði að því að kortleggja gróður- og jarðvegsauðlindir landsins með því að fjármagna að stórum hluta verkefnið Grólinn.

Samtökin leggja jafnframt áherslu á að slíkt áttak í skógrækt sé unnið í sátt við nærsamfélagið og byggji á gildandi skipulagi. Taka þarf tillit til ýmissa atriða, s.s. að vernda gott ræktunarland, í samræmi við leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands, en mikið er af öðru landi sem hentar afar vel til skógræktar. Þá má með bæði landgræðslu og skógrækt auka verulega árlega kolefnisbindingu.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur

Umsögn í Samráðsgátt  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
61.mál, þingsályktunartillaga  
154. löggjafarþing 2023–2024.

## Efni: Þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt, 61. mál

Aðgerðum í landgræðslu og skógrækt er fagnað enda skipta landgæði bændur miklu máli, ekki síður en alla landsmenn. Því gróskulegri sem landið er því líklegra er að unnt verði að nýta landið til matvælaframleiðslu og/eða viðarframleiðslu sem kostur á sem sjálfbærastan máta.

### Sjálfbært Ísland

Lengi má deila um hvort Ísland geti orðið **sjálfbært** eður ei en án nytjaskógræktar má fullyrða um að „sjálfbært Ísland“ geti aldrei orðið. Rökin eru fjölmörg og oftar en ekki samofin annarri nýtingu.

### Viður

Orðið nytjaskógrækt felur í sér að not séu af skóginum. Skógrækt snýst í grunninn um að rækta viðarnytjar, en án viðar yrði fátt um húsakosti hér á landi. Á fyrri öldum þótti búbot af rekaviði við fjörur landsins en í dag er meir og minna allt timbur flutt inn og rekinn hefur að sama skapi minnkað vegna betri nýtingar sögunarmilla úti í heimi. Hérlendis hefur timburiðnaður þó vaxið ásmegin síðustu ár og ber að hygla því starfi.

### Hagaskógar

Skógur býr í haginn fyrir beitardýr. Skipulögð beit í skógum er gjarnan nefnd hagaskórækt. Það er kostur sem bændur eru nú þegar farnir að nýta sér en í litlu mæli þó. Tækifæri hagaskógræktar felast ekki einungis í að veita skjól fyrir húsdýrin, betra fóðurframleiðslu í skógarbotninum, heilbrigðari jarðvegsmyndunar, skuggamyndun á heitum góðviðrisdögum, jafnari vatnsbúskap yfir árið, hreinsun vatns..., heldur verður skógurinn álitlegri til útivistar fyrir fólk.

### Lýðheilsa

Heilsa almennings er af ýmsu tagi, svo sem líkamleg, sálræn og samfélagsleg. Þátttaka almennings í skógrækt gerir skóga framtíðar enn eftirsóknaverðari og það, að hafa fengið að taka þátt í uppbyggingu nýrrar skógarauðlindar á Íslandi, er ekki einungis göfugt heldur veitir það tækifæri til heilsuræktar. Hreyfingu í skógi má stunda allt árið án tillits til verður. Fólk sækir í skóg til að efla andann og skógar eru uppbyggjandi í leik og starfi.

### Heilnæmi

Hróður heilnæmis á íslenskum matvælum er fenginn af einangrun eyríkisins sem Ísland er. Hér á óværa meginlandsins erfiðar um vik og þörf á spilliefnum er þar með í lágmarki. Spilar þar inn í fjarlægð, hnattræn lega landsins og erfðir. Með hnattrænni hlýnun getur þessi sérstaða breyst á augabragði. Því er fjölbreytt val í ræktun og kynbætur undirstaða góðs landbúnaðar. Ísland hefur mikið af bæði góðu en ekki síður örfoka landi sem hentar til fjölbreyttra skógavistgerða.

## Rafmagn

Landbúnaður dafnar best þar sem öryggi er gott. Rafmagnsöryggi skiptir höfuðmáli fyrir margar búgreinar. Góð byggðalína skiptir þar langmestu. Einnig er æskilegt að öryggi sé tryggt á hverri bújörð. Ávinningur af trjárækt heima fyrir hefur a.m.k. þrjú vegamikil atriði til skoðunar:

- 1- Skógur veitir skjól sem leiðir af sér minni varmauppgufun húsakosta.
- 2- Nýta má við úr skóginum til uppkveikju og raforkuframleiðslu til lengri eða skemmri tíma.
- 3- Í skógi er jafnari vatnsbúskapur og hefur það meðal annars áhrif á uppistöðulón heimarafstöðva, þar sem þær er að finna.

## Birki

Ekki verður lagst gegn því beint; að styrkja stóðir náttúrulegs birkikjarrs í tilliti náttúruverndar og loftslagsaðgerða. Vert er þó að benda á að annars vegar gerir birki kröfur um frjósaman jarðveg til að dafna vel og einsleitir birkiskógar skila sjaldnast beinvöxnum smíðaviði. Nytjar af birki eru því hverfandi á móti þeim trjátegunum sem hér vaxa einnig. Nú á tímum eru einkum notaðar 4 gagnviðartegundir í skógrækt; stafafura, alaskaösp, sitkagreni og rússalerki. Innan fárra ára má ætla að fleiri tegundir verði notaðar hér í sama mæli. Útdauði plöntutegunda, frá suðrænum uppruna, er orðin raunveruleg ógn við fjölbreytileika lífríkisins, sökum loftslagsbreytinga. Ísland er eitt fárra landa sem er kostum búið að geta bjargað útdauða vissra tegunda.

## Framtíðar Íslendingar

Íslendingum mun fjölga hratt á þessari öld ef horft er til þróunar upprunabjóðerna meðal Íslendinga. Öruggt framboð matvæla er lífsspursmál komandi kynslóða. Fjölbreyttir skógar framtíðar á Íslenskri grundu munu eiga stærstan þáttinn í því að framfylgja eftirspurn matvæla eins og dæmin hér að framan hafa rakið. Gnægð er af álitlegu landi til skógræktar á Íslandi og því ekki þörf á að ganga á ræktarlönd sem þegar eru, eða hafa verið, í notkun. Skógrækt hefur alla jafna verið vel skipulögð á Íslandi og því er mikilvægt að halda áfram góðum skipulags- og vinnuháttum.

## Kolefnisbinding

Kolefnisbindingar er þörf á tímum loftslagsbreytinga. Kolefnisbinding er nú orðin tækifæri til tekna fyrir landeigendur en ekki síður fjárfesta. Það er af hinu góða og með heiðvirtum leikreglum getur kolefnismarkaðurinn verið góð leið til að auka jöfnuð í samfélaginu. Auk þess sem skógrækt, umhirða og nytjar skapa fjölmörg störf inn í framtíðina. Að sama skapi þarf að tryggja að framleiðnimöguleikar á landi færist ekki á fáar hendur og að gott ræktarland verði nýtt sem slíkt eins og kostur er. Tækifærin eru mikil í skógrækt og landgræðslu til kolefnisbindingar og ber að horfa til þeirra þegar þessari þingsályktunartillögu verður ýtt úr vör.

## Að lokum

Íslensk þjóðarvitund hefur í aldanna rás vaxið og dafnað mann fram af manni. Með þjóðarátaki í skógrækt og landgræðslu er stigið skref í átt að sjálfbærni; í skilningi hugar, hags og heilsu. Upptalning þessa bréfs er ekki tæmandi, enda ýmsar leiðir færar til góðra verka í skóg- og landgræðslu.

Kolefnisbrúin hefur hugmynd að frekari þróun og framgöngu og vill gjarnan koma góðum hugmyndum í góðan jarðveg.

Virðingarfyllt  
Hlynur Gauti Sigurðsson  
Framkvæmdastjóri Kolefnisbrúar

# Umsögn

20. nóvember 2023



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt**

Landgræðslunni barst þann 9. nóvember sl. rafpóstur frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Meðfylgjandi rafpósti þeim var tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt, 61. mál. Óskað var umsagnar stofnunarinnar og til þess veittur frestur til 23. nóvember. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbær nýtingu lands.

Þá er og í þessu sambandi horft til stefnu stjórnvalda og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt, Land og líf - landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt.

Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga hljóðar svo

*Alþingi ályktar að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í samráði við matvælaráðherra að koma fyrir lok árs 2024 á samstarfi stjórnvalda, bænda, Lands og skógar, atvinnulífs og almennings sem miði að því að auka þátttöku almennings í kolefnisbinaingu með landgræðslu og skógrækt með þjóðaráttaki þess efnis.*

Um er að ræða þingsályktunartillögu sem nú er flutt, í aðeins breyttu formi þó, í fimmta sinn. Áður var tillagan flutt á 150., 151., 152. og loks 153. þingi.


Landgræðslan vísar í umsögn sína frá 19. mars 2020 um sama málefni (mál 365 á 150. þingi). Landgræðslan telur að þau málefni sem fyrirliggjandi þingsályktun er ætlað að tryggja – að teknu tilliti til þeirra breytinga sem á henni hafa orðið í gegnu árin – bæði brýn og nauðsynleg.

Landgræðslan leggur til að fyrirbyggjandi þingsályktunartillaga verði samþykkt, nú þegar hún er lögð fram í fimmta sinn.

2

Virðingafyllst

f.h. Landgræðslunnar



Birkir Snær Fannarsson  
landgræðslustjóri.



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Sent í tölvupósti á: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 23. nóvember 2023

**Efni: Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt – 61. mál.**

Landvernd list vel á að farið verði í vel skipulagt þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt en tryggja þarf að aðgerðir byggist á traustum vísindalegum grunni. Gæta þarf þess að aðgerðir samræmist því sem alþjóðasamningar kveða á um, m.a. er varða líffræðilega fjölbreytni. Forðast á landgræðslu með tegundum sem eru eða kunna að reynast ágengar í íslenskri náttúru. Hafa skal varúðarregluna að leiðarljósi því aðgerðir í loftslagsmálum mega ekki hafa neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Vernd og endurheimt náttúrulegra vistkerfa á Íslandi, þar á meðal birkiskóga og votlendis, er afar brýnt verkefni sem bæði bindur kolefni og verndar líffræðilega fjölbreytni. Þjóðaráttak í endurheimt vistkerfa (í stað landgræðslu og skógræktar) á Íslandi væri því afar viðeigandi á áratug Sameinuðu Þjóðanna 2021-2030 um endurheimt vistkerfa.

*Virðingarfyllt,*

*f.h. stjórnar Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður*

Nefndasvið Alþingis  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. nóvember 2023  
Málsnúmer: 202311-0019  
SS

## Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að þingsályktun um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt, 61. mál.

Tillagan var áður lögð fram sem 125. mál á 153. löggjafarþingi en þá sem þjóðaráttak í landgræðslu einungis. Tillagan er að stærstum hluta sú sama en bætt hefur við skógrækt sem viðfangsefni og texti tillögunnar sniðinn að þeirri breytingu.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um fyrri tillöguna þann 3. janúar 2022. Þar var tekið undir meginmarkmið tillögunnar en einnig bent á að gæta þurfi þess að samræma aðgerðir við framfylgd alþjóðasamninga t.d. er varðar líffræðilega fjölbreytni og einnig bent á að forðast eigi landgræðslu með framandi ágengum tegundum.

Síðan tillagan var lögð fram síðast hafa ýmsar forsendubreytingar orðið. Sú stærsta að samþykkt hefur verið að sameina Landgræðslu og Skógrækt í eina stofnun, Land og skóg. Er nýrri stofnun gefið skýrt hlutverk í tillögunni. Þá hefur verið lögð fram ný stefna matvælaráðherra í landgræðslu og skógrækt, Land og líf.

Náttúrufræðistofnun telur eins og áður að aukin þátttaka almennings í landgræðslu og skógrækt sé jákvætt markmið en tryggja verður að fylgt sé þeim markmiðum um framkvæmd og áhrif landgræðslu og skógræktar sem fram koma í stefnunni Land og líf. Þar vill Náttúrufræðistofnun sérstaklega nefna markmið um að efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar og að efla og vernda líffræðilega fjölbreytni. Til að tryggja þetta eru lykilviðfangsefni skilgreind í aðgerðaáætlun stefnunnar sem Náttúrufræðistofnun telur afar brýnt að sé unnið að sem fyrst. Þar má nefna gerð nýrra gæðaviðmiða við val á landi til skógræktar og gerð áhættumats á notkun algengustu trjátegunda í skógrækt. Einnig breytingar á beitarstjórnun og síðast en ekki síst stóruáttak á rannsóknum og vöktun á áhrifum landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis á líffræðilega fjölbreytni, kolefnisbúskap, viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa o.fl. sem talið er upp í aðgerðaáætluninni. Þessar aðgerðir eru nauðsynlegar til að móta skýran og faglega mótaðan ramma utan um fyrirkomulag landgræðslu og skógræktar sem öll verkefni í landgræðslu og skógrækt þurfa að fylgja, þar með talið mögulegt þjóðaráttak um þátttöku almennings.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um málið eins og við á.



Virðingarfyllst,

*Eydís Líndal Finnbogadóttir*

Eydís Líndal Finnbogadóttir  
Forstjóri

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





## Þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt

61. mál, þingsályktunartillaga 

154. löggjafarþing 2023–2024

Umsögn

Reynir Kristinsson, stjórnarformaður Kolviðar

Taldir eru upp mikilvægir samstarfsaðilar þ.e. stjórnvöld, bændur, atvinnulíf og almenningur. Sveitarfélögin hafa gleymst í þessu metnaðarfulla átaki.

Sveitafélögin verða að koma að þessum málum þar sem þau eru með skipulagsvaldið og segja til um hvað megi gera hvar.

Í raun ætti að úthluta sveitafélögunum kolefnisbindingarkvóta/kröfu hverju um sig út frá landfræðilegum aðstæðum og fela þeim að hafa forgöngu um landgræðslu og skógrækt á sínu yfirráðasvæði og þau ættu þá að kalla til bændur, atvinnulíf og almenning og fá faglegan stuðning frá t.d. nýrri stofnun Land og skógur.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Húsavík, 22. nóvember 2023

**Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt – 61. mál.**

Samtök náttúrustofa lýsa yfir ánægju með megininntak þingsályktunartillögu um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt. Vernd, viðhald og endurheimt náttúrulegra vistkerfa á Íslandi er verkefni sem stöðugt þarf að sinna. Mikilvægt er að aðgerðir byggji á traustum vísindalegum grunni þannig að áhrif þeirra á kolefnisbindingu og öndun sé þekkt. Einnig er mikilvægt að aðgerðir séu metnar með tilliti til áhrifa á líffræðilega fjölbreytni, sérstaklega þarf að forðast að dreifa framandi tegundunum sem eru eða kunna að reynast ágengar í íslenskri náttúru.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa



---

Þorkell Lindberg Þórarinnsson,  
formaður SNS og forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík

☎ 551 8150 ✉ skog@skog.is 🌐 www.skog.is

Reykjavík 21. nóvember 2023

Skrifstofa Alþingis  
Nefndarsvið  
101 Reykjavík

Netf.: [nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)

## Umsögn: Þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt

Athugasemd við frumvarp um Þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt 61. Mál, þingsályktunartillaga 154. löggjafarþing 2023-2024

Skógræktarfélag Íslands fagnar fram komnu frumvarpi og styður það í megin atriðum. S.Í telur fulla ástæðu til að benda á þá staðreynd að skógræktarfélag, sem eru frjáls félagasamtök, hafa í tæpa öld staðið að viðamiklum skógræktar- og landbótaverkefnum í sjálfböðavinnu.

Skógræktarfélag Íslands er sameign rúmlega 60 skógræktarféлага og hefur það hlutverk að gæta hagsmuna þeirra þúsunda sem sinna ræktunarstarfinu í sjálfböðavinnu. Stjórn og starfsfólk S.Í. furðar sig á því að hvergi er minnst á hina frjálsu skógræktarhreyfingu, fólkið sem hefur ótrúlega mikla reynslu og býr yfir kunnáttu sem ætti að nýtast vel í átaki sem þessu.

Skógræktarfélagin mynda í sameiningu fjölmennustu frjálsu félagasamtökin í landinu sem starfa að umhverfisvernd, endurheimt landgæða og kolefnisbindingu. Ef það er ætlunin að virkja almenning til að auka kolefnisbindingu með landgræðslu og skógrækt er ekki annað en eðlilegt að þeirra sé getið í þingsályktunartillögunni.

Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir því í samvinnu við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og Landbúnaðarráðuneytið árið 1990 á 60 ára afmælisári félagsins, að þjóðaráttakinu Landgræðsluskógar var hleypt af stokkunum. Þetta

átak hefur staðið sleitulaust síðan og skilað mjög miklum árangri. Á vegum þessa verkefnis hafa verið gróðursettar 24,2 milljón trjáplöntur á undanförunum þremur áratugum.

Þá er einnig rétt að benda á farveg sem Skógræktarfélag Íslands ásamt Landvernd stóðu fyrir árið 2007 með stofnun Kolviðar.

Markmið Kolviðar er aukin binding kolefnis í skógarvistkerfum í þeim tilgangi að draga úr styrk koldíoxíðs (CO<sub>2</sub>) í andrúmslofti, að binda jarðveg og draga úr jarðvegseyðingu, að auka vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda, og að stuðla að fræðslu um tengd málefni.

Markmið verkefnisins eru því margþætt, á sama tíma og kolefnisbinding á sér stað, á sér stað binding jarðvegs og auðgun gróðurvistkerfa.

Með því að gera aðilum kleift að taka ábyrgð á eigin losun og bregðast við með áþreifanlegum hætti næst árangur. Kolviður hefur á annan áratug hvatt einstaklinga og fyrirtæki til þess að Íslendinga verði fyrsta þjóð heims til að kolefnisjafna útblástursáhrif samgöngutækja sinna með skógrækt og uppgræðslu lands.

Skógræktarfélag Íslands og skógræktarfélögin í landinu bjóðast til að koma að þessu nýja átaki á myndarlegan hátt og óska eftir því gerð verði sú breyting á frumvarpinu að þessi félög verði sett inn í textann og að jafnframt bætt verði inn í frumvarpið eftirfarandi setningu:

„Samstarfsvettvangurinn hafi að fyrirmynd verkefnin „Landgræðsluskógar“ sem skógræktarfélögin í landinu hafa staðið að síðan 1990 og „Bændur græða landið“, samstarfsverkefni bænda og Landgræðslunnar (nú Land og skógur) um uppgræðslu heimalanda, sem hefur einnig staðið frá árinu 1990 og gefið góða raun“.

Undirritaðir eru reiðubúnir að kynna nánar ofangreind sjónarmið fyrir flutningsmönnum og þingnefnd sé þess óska.



Jónatan Garðarsson,  
formaður



Brynjólfur Jónsson,  
frankvæmdastjóri



**Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt, 61. mál.**

Skógræktin starfar á grundvelli laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt. Markmið þeirra laga er m.a. að stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum og að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár<sup>1</sup>. Þau markmið eru ítrekuð í *Land og líf - landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031* og *Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026*<sup>2</sup> sem kynnt voru af matvælaráðherra þann 30. janúar s.l. Í lögum um loftslagsmál (2012 nr. 70) er kveðið á um að Ísland skuli ná kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040<sup>3</sup>.

Enn fremur hefur Evrópusambandið (Esb) skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og ná þær skuldbindingar til allra landa á evrópska efnahagssvæðinu. Í loftslagspakka Esb (*European Green Deal*), flaggskipsfrumkvæði ESB um loftslagsaðgerðir, er markmið sett um kolefnishlutleysi (núll-nettólosun) fyrir árið 2050<sup>4</sup>. Lönd Evrópusambandsins, Ísland og Noregur eru sameiginlega skuldbundin til að draga úr heildarlosun á gróðurhúsalofttegundum, í samræmi við það markmið að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að halda henni við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu<sup>5</sup>. Í samræmi við þessa ákvörðun hefur Esb-ríkjum, ásamt Íslandi og Noregi verið gert skylt að fella losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt (LULUCF) inn í loftslags- og orkurammann fram til ársins 2030<sup>6</sup>. Í nýrri reglugerð Esb sem tekið hefur gildi á evrópska efnahagssvæðinu (2021/2139) og nefnd hefur verið „Flokkunarreglugerðin“ (e. EU Taxonomy Regulation<sup>7</sup>), eru kynnt matsviðmið til að ákvarða við hvaða skilyrði atvinnustarfsemi

<sup>1</sup> Sjá nánar: <https://www.althingi.is/lagas/153a/2019033.html>

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2023/01/30/Land-og-lif/>

<sup>3</sup> Gr. 1e: <https://www.althingi.is/lagas/153c/2012070.html>

<sup>4</sup> <https://www.consilium.europa.eu/en/policies/green-deal/>

<sup>5</sup> <https://www.efta.int/media/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/adopted-joint-committee-decisions/2019%20-%20Icelandic/269-2019i.pdf>

<sup>6</sup> <https://www.efta.int/media/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32018R0841.pdf>

<sup>7</sup> [https://finance.ec.europa.eu/sustainable-finance/tools-and-standards/eu-taxonomy-sustainable-activities\\_en](https://finance.ec.europa.eu/sustainable-finance/tools-and-standards/eu-taxonomy-sustainable-activities_en)

telst stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum<sup>8</sup>. Þar segir, á bls. 47:

*Til að ná loftslagshlutleysi og heilbrigðu umhverfi er nauðsynlegt að auka bæði gæði og iðjölga skógarsvæðum sem eru stærsti kolefnisviðtakinn í geira landnotkun, breyttrar landnotkunar og skógræktar („LULUCF“). Starfsemi tengd skógum getur stuðlað að mótvægi við loftslagsbreytingar með því að auka nettóupptöku koltvísýrings, með því að varðveita kolefnisbirgðir og með því að leggja til efniviði og endurnýjanlega orku, skapa viðbótarávinninga fyrir aðlögun að loftslagsbreytingum, líffræðilega iðjölbreytni, hringrásarhagkerfi, sjálfbæra notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda og mengunarvarnir og eftirlit með mengun. Þess vegna ætti að mæla fyrir um tæknileg matsviðmið fyrir starfsemi á sviði nýskógræktar, endurheimt skógar, síjórnnun skóga og varðveislu skóga. Þessi tæknilegu matsviðmið ættu að öllu leyti að vera í samræmi við markmið Sambandsins um aðlögun að loftslagsbreytingum, líffræðilega iðjölbreytni og hringrásarhagkerfi.*

Skógræktin hefur kappkostað að sinna lögbundnu og mikilvægu hlutverki sínu í loftslagsmálum, m.a. með því að hafa undanfarna áratugi aflað gagna um allt land um kolefnisbindingu í ræktuðum skógum og náttúruskógum (birkiskógum og birkikjarri) á Íslandi og nýta þær upplýsingar til þess að varpa ljósi á stöðu mála og gera spár fram í tímann. Niðurstaða þeirrar vinnu er að kolefni sem árlega binst í skógum Íslands hefur hækkað úr 30 þús. tonnum CO<sub>2</sub>-ígilda árið 1990 í 510 þús. árið 2022, svo skógrækt bindur nú 83% af losun landbúnaðar<sup>9</sup>. Sú binding er mest (71%) í ræktuðum skógum sem aðeins þekja 0,5% landsins, en afgangurinn er bundinn í náttúrlegum birkiskógum og kjarrlendi sem þekur 1,5% landsins. Mikil óvissa ríkir um hve mikið losnar af CO<sub>2</sub> frá rofni, gróðursnauðu og illa förnunandi landi á Íslandi. Sú árlega losun gæti að sumra áliti numið allt að 21 milljónum tonna á ári<sup>10</sup>. Ef ætti að hlutleysa þá losun aðeins með aukinni þekju trjágróðurs, yrði að ríflega fertugfalda flatarmál ræktaðra skóga og birkikjarrlendis. Með því næðist skuldlaust losunarhlutleysi frá landi og landnotkun (e. "No-debit rule"), skv. LULUCF-reglugerð Esb.

Stóraukin kolefnisbinding í skógi, líkt og aðrar aðgerðir í loftslagsmálum, mun aðeins nást með virkri þátttöku fyrirtækja í einkageiranum – ekki aðeins með velvild og framlögum stjórnvalda á landsstjórnar- og sveitarstjórnastiginu. Kolefnisbinding sem næst með vottuðum skógarkolefnisverkefnum einkaaðila á hinum valkvæða markaði styður við aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum og markmið um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Í því skyni að bjóða fyrirtækjum upp á leið til vottunar á kolefnisbindingunni hefur Skógræktin komið á fót kerfi vottunar fyrir kolefniseiningar í

<sup>8</sup> <https://www.efta.int/media/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32021R2139.pdf>

<sup>9</sup> Arnór Snorrason, fyrirlestur á loftslagsdeginum 2022 <https://www.youtube.com/watch?v=VxbFPe4-mk0>

<sup>10</sup> <https://www.youtube.com/watch?v=hvuR1Rsy04&t=117s>



Íslenskri skógrækt, s.k. *Skógarkolefni*<sup>11</sup>, sem byggir á bresku vottunarkerfi, *UK Woodland Carbon Code*<sup>12</sup>.

Skógræktin fagnar fram kominni tillögu og styður hana í meginatriðum. Skógræktin styður það meginmarkmið tillögunnar sem er *að auka kolefnisbindingu, koma í veg fyrir jarðvegsrof og græða upp örfoka land með aukinni þátttöku almennings í landgræðslu og skógrækt*. Skógræktin styður enn fremur lokaorð tillögunnar; *að farið verði í þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt enda hafi fáar þjóðir eins góð tækifæri og Íslendingar til að draga úr losun vegna landnotkunar og efla kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi*.

Skógræktin álfur hins vegar aðrar fyrirmyndir heppilegri en þá sem nefnd er í tillögunni; *Bændur græða landið*. Það verkefni – sem stýrt hefur verið af Landgræðslunni um áratugaskeið – felur í sér stuðning við bændur til kaupa á áburði og grasfræi til dreifingar á afréttarlönd og önnur beitolönd. Loftslagsávinningur þess verkefnis hefur ekki verið metinn og óljóst er hvort hann sé nokkur. Mætti sem fyrirmyndir í þeim efnum fremur nefna stuðning við skógrækt bænda í gegnum *Skógrækt á lögbýlum* (áður: Landshlutaverkefni í skógrækt) eða stuðning við skógrækt almennings í gegnum Landgræðsluskóga – verkefni sem hófst árið 1990 og sem stýrt er af Skógræktarfélagi Íslands og unnið af skógræktarfélagum í landinu, í samstarfi við sveitarfélög, Skógræktina og Landgræðsluna. Stóraukin kolefnisbinding myndi nást ef þau verkefni – sem hafa verið fjársvelt frá því eftir fjármálahrunið 2008 - fengju aukinn fjárhagslegan stuðning frá ríkisvaldinu til nýskógræktar í landinu. Slíkar aðgerðir myndu jafnframt verða til þess að efla atvinnutækifæri í dreifbýli með því að skapa timburauðlind eða til þess að efla útivist og lýðheilsu í byggðakjörnum um allt land, svo fáein dæmi séu tekin.

Skógræktin bendir á að orðið „átak“ í titli þingsályktunartillögunnar getur valdið misskilningi. Orðið „átak“ getur vissulega merkt „markvissar aðgerðir.“ En algengast er í daglegu tali að nota orðið „átak“ í merkingunni skammvinn einskiptisaðgerð; að „drífa e-ð af“, að „kippa e-u í liðinn“ og snúa sér síðan að e-u öðru óleystu vandamáli. Slíkt er villandi þegar um risavaxnar aðgerðir til langs tíma í loftslagsmálum eru í undirbúningi. Þau verkefni verða að vera viðvarandi hluti af aðgerðaáætlun til langs tíma og þær fela í sér breytingar á lögum, reglugerðum, afstöðu íbúa sveitarfélaga og landnotkunarvenjum í þá veru að vernda og efla kolefnisforða vistkerfa. Slíkt verður ekki gert með einu, skammvinnu „átaki“, heldur með markvissum stuðningsaðgerðum sem ná myndu til langs tíma.

Virðingarfyllst,  
F.h. Skógræktarinnar,

<sup>11</sup> <https://www.skogarkolefni.is/>

<sup>12</sup> <https://woodlandcarboncode.org.uk/>





Aðalsteinn Sigurgeirsson,  
fagmálastjóri Skógræktarinnar

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt, 61. mál.**

Skógræktin starfar á grundvelli laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt. Markmið þeirra laga er m.a. að stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum og að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár<sup>1</sup>. Þau markmið eru ítrekuð í *Land og líf - landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031* og *Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026*<sup>2</sup> sem kynnt voru af matvælaráðherra þann 30. janúar s.l. Í lögum um loftslagsmál (2012 nr. 70) er kveðið á um að Ísland skuli ná kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040<sup>3</sup>.

Enn fremur hefur Evrópusambandið (Esb) skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og ná þær skuldbindingar til allra landa á evrópska efnahagssvæðinu. Í loftslagspakka Esb (*European Green Deal*), flaggskipsfrumkvæði ESB um loftslagsaðgerðir, er markmið sett um kolefnishlutleysi (núll-nettólosun) fyrir árið 2050<sup>4</sup>. Lönd Evrópusambandsins, Ísland og Noregur eru sameiginlega skuldbundin til að draga úr heildarlosun á gróðurhúsalofttegundum, í samræmi við það markmið að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að halda henni við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu<sup>5</sup>. Í samræmi við þessa ákvörðun hefur Esb-ríkjum, ásamt Íslandi og Noregi verið gert skylt að fella losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt (LULUCF) inn í loftslags- og orkurammann fram til ársins 2030<sup>6</sup>. Í nýrri reglugerð Esb sem tekið hefur gildi á evrópska efnahagssvæðinu (2021/2139) og nefnd hefur verið „Flokkunarreglugerðin“ (e. EU Taxonomy Regulation<sup>7</sup>), eru kynnt matsviðmið til að ákvarða við hvaða skilyrði atvinnustarfsemi

<sup>1</sup> Sjá nánar: <https://www.althingi.is/lagas/153a/2019033.html>

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2023/01/30/Land-og-lif/>

<sup>3</sup> Gr. 1e: <https://www.althingi.is/lagas/153c/2012070.html>

<sup>4</sup> <https://www.consilium.europa.eu/en/policies/green-deal/>

<sup>5</sup> <https://www.efta.int/media/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/adopted-joint-committee-decisions/2019%20-%20Icelandic/269-2019i.pdf>

<sup>6</sup> <https://www.efta.int/media/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32018R0841.pdf>

<sup>7</sup> [https://finance.ec.europa.eu/sustainable-finance/tools-and-standards/eu-taxonomy-sustainable-activities\\_en](https://finance.ec.europa.eu/sustainable-finance/tools-and-standards/eu-taxonomy-sustainable-activities_en)

telst stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum<sup>8</sup>. Þar segir, á bls. 47:

*Til að ná loftslagshlutleysi og heilbrigðu umhverfi er nauðsynlegt að auka bæði gæði og iðjölga skógarsvæðum sem eru stærsti kolefnisviðtakinn í geira landnotkun, breyttrar landnotkunar og skógræktar („LULUCF“). Starfsemi tengd skógum getur stuðlað að mótvægi við loftslagsbreytingar með því að auka nettóupptöku koltvísýrings, með því að varðveita kolefnisbirgðir og með því að leggja til efniviði og endurnýjanlega orku, skapa viðbótarávinninga fyrir aðlögun að loftslagsbreytingum, líffræðilega iðjölbreytni, hringrásarhagkerfi, sjálfbæra notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda og mengunarvarnir og eftirlit með mengun. Þess vegna ætti að mæla fyrir um tæknileg matsviðmið fyrir starfsemi á sviði nýskógræktar, endurheimt skógar, síjórnnun skóga og varðveislu skóga. Þessi tæknilegu matsviðmið ættu að öllu leyti að vera í samræmi við markmið Sambandsins um aðlögun að loftslagsbreytingum, líffræðilega iðjölbreytni og hringrásarhagkerfi.*

Skógræktin hefur kappkostað að sinna lögbundnu og mikilvægu hlutverki sínu í loftslagsmálum, m.a. með því að hafa undanfarna áratugi aflað gagna um allt land um kolefnisbindingu í ræktuðum skógum og náttúruskógum (birkiskógum og birkikjarri) á Íslandi og nýta þær upplýsingar til þess að varpa ljósi á stöðu mála og gera spár fram í tímann. Niðurstaða þeirrar vinnu er að kolefni sem árlega binst í skógum Íslands hefur hækkað úr 30 þús. tonnum CO<sub>2</sub>-ígilda árið 1990 í 510 þús. árið 2022, svo skógrækt bindur nú 83% af losun landbúnaðar<sup>9</sup>. Sú binding er mest (71%) í ræktuðum skógum sem aðeins þekja 0,5% landsins, en afgangurinn er bundinn í náttúrlegum birkiskógum og kjarrlendi sem þekur 1,5% landsins. Mikil óvissa ríkir um hve mikið losnar af CO<sub>2</sub> frá rofni, gróðursnaudu og illa förnú landi á Íslandi. Sú árlega losun gæti að sumra áliti numið allt að 21 milljónum tonna á ári<sup>10</sup>. Ef ætti að hlutleysa þá losun aðeins með aukinni þekju trjágróðurs, yrði að ríflega fertugfalda flatarmál ræktaðra skóga og birkikjarrlendis. Með því næðist skuldlaust losunarhlutleysi frá landi og landnotkun (e. "No-debit rule"), skv. LULUCF-reglugerð Esb.

Stóraukin kolefnisbinding í skógi, líkt og aðrar aðgerðir í loftslagsmálum, mun aðeins nást með virkri þátttöku fyrirtækja í einkageiranum – ekki aðeins með velvild og framlögum stjórnvalda á landsstjórnar- og sveitarstjórnastiginu. Kolefnisbinding sem næst með vottuðum skógarkolefnisverkefnum einkaaðila á hinum valkvæða markaði styður við aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum og markmið um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Í því skyni að bjóða fyrirtækjum upp á leið til vottunar á kolefnisbindingunni hefur Skógræktin komið á fót kerfi vottunar fyrir kolefniseiningar í

<sup>8</sup> <https://www.efta.int/media/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32021R2139.pdf>

<sup>9</sup> Arnór Snorrason, fyrirlestur á loftslagsdeginum 2022 <https://www.youtube.com/watch?v=VxbFPe4-mk0>

<sup>10</sup> <https://www.youtube.com/watch?v=hvuR1Rsy04&t=117s>

Íslenskri skógrækt, s.k. *Skógarkolefni*<sup>11</sup>, sem byggir á bresku vottunarkerfi, *UK Woodland Carbon Code*<sup>12</sup>.

Skógræktin fagnar fram kominni tillögu og styður hana í meginatriðum. Skógræktin styður það meginmarkmið tillögunnar sem er *að auka kolefnisbindingu, koma í veg fyrir jarðvegsrof og græða upp örfoka land með aukinni þátttöku almennings í landgræðslu og skógrækt*. Skógræktin styður enn fremur lokaorð tillögunnar; *að farið verði í þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt enda hafi fáar þjóðir eins góð tækifæri og Íslendingar til að draga úr losun vegna landnotkunar og efla kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi*.

Skógræktin álfur hins vegar aðrar fyrirmyndir heppilegri en þá sem nefnd er í tillögunni; *Bændur græða landið*. Það verkefni – sem stýrt hefur verið af Landgræðslunni um áratugaskeið – felur í sér stuðning við bændur til kaupa á áburði og grasfræi til dreifingar á afréttarlönd og önnur beitolönd. Loftslagsávinningur þess verkefnis hefur ekki verið metinn og óljóst er hvort hann sé nokkur. Mætti sem fyrirmyndir í þeim efnum fremur nefna stuðning við skógrækt bænda í gegnum *Skógrækt á lögbýlum* (áður: Landshlutaverkefni í skógrækt) eða stuðning við skógrækt almennings í gegnum Landgræðsluskóga – verkefni sem hófst árið 1990 og sem stýrt er af Skógræktarfélagi Íslands og unnið af skógræktarfélagum í landinu, í samstarfi við sveitarfélög, Skógræktina og Landgræðsluna. Stóraukin kolefnisbinding myndi nást ef þau verkefni – sem hafa verið fjársvelt frá því eftir fjármálahrunið 2008 - fengju aukinn fjárhagslegan stuðning frá ríkisvaldinu til nýskógræktar í landinu. Slíkar aðgerðir myndu jafnframt verða til þess að efla atvinnutækifæri í dreifbýli með því að skapa timburauðlind eða til þess að efla útivist og lýðheilsu í byggðakjörnum um allt land, svo fáein dæmi séu tekin.

Skógræktin bendir á að orðið „átak“ í titli þingsályktunartillögunnar getur valdið misskilningi. Orðið „átak“ getur vissulega merkt „markvissar aðgerðir.“ En algengast er í daglegu tali að nota orðið „átak“ í merkingunni skammvinn einskiptisaðgerð; að „drífa e-ð af“, að „kippa e-u í liðinn“ og snúa sér síðan að e-u öðru óleystu vandamáli. Slíkt er villandi þegar um risavaxnar aðgerðir til langs tíma í loftslagsmálum eru í undirbúningi. Þau verkefni verða að vera viðvarandi hluti af aðgerðaáætlun til langs tíma og þær fela í sér breytingar á lögum, reglugerðum, afstöðu íbúa sveitarfélaga og landnotkunarvenjum í þá veru að vernda og efla kolefnisforða vistkerfa. Slíkt verður ekki gert með einu, skammvinnu „átaki“, heldur með markvissum stuðningsaðgerðum sem ná myndu til langs tíma.

Virðingarfyllst,  
F.h. Skógræktarinnar,

<sup>11</sup> <https://www.skogarkolefni.is/>

<sup>12</sup> <https://woodlandcarboncode.org.uk/>



Aðalsteinn Sigurgeirsson,  
fagmálastjóri Skógræktarinnar

23. nóvember 2023

Efni:

154. löggjafarþing 2023–2024. Þingskjal 61 — 61. mál.  
Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt

## Umsögn frá Vinum íslenskrar náttúru (VÍN)

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 9. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Vina íslenskrar náttúru (VÍN) um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt.

### Umsögn

VÍN tekur undir margt af því sem kemur fram í þingsályktunartillögunni og styður, t.d. eindregið endurheimt náttúrlegra vistkerfa, þ.m.t. endurheimt jarðvegs, birkiskóga og votlendis. VÍN leggur hins vegar sérstaka áherslu á að hvert það verkefni sem snýr að kolefnisbindingu sé ekki í andstöðu við vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Virðingarleysi fyrir íslensku lífríki og náttúru, t.d. með skógrækt í stórum stíl með framandi tegundum, sem sumar eru ágengar, er að verða stórvandamál sem mun aukast á næstu áratugum. Nú þegar er verið að eyðileggja náttúrleg og fullgróin vistkerfi í stórum stíl, svo sem mólendi og votlendi, í nafni kolefnisbindingar.

Að mati VÍN er mjög áriðandi að allar aðgerðir við kolefnisbindingu séu vel skipulagðar meðal annars, með tilliti til verndar náttúru- og menningarminja. Því er afar mikilvægt að stjórnvöld ýti ekki undir ómarkvissar aðgerðir, t.d. í skógrækt, þar sem ítrekað er blandað saman, beint og óbeint, háleitum og oft óraunhæfum markmiðum um kolefnisbindingu við endurheimt náttúrlegra vistkerfa og uppgræðslu lands. Kolefnisbinding með skógrækt og endurheimt vistkerfa er margþætt langtímaverkefni sem ekki er hægt að nýta til að kolefnisjafna núverandi losun fyrirtækja eða einstaklinga. Endurheimt votlendis er undanskilin því hún er mun fljótlegri loftslagsaðgerð vegna þess að með hækkun vatnsborðs dregur strax úr losun gróðurhúsalofttegunda auk þess sem endurheimt votlendis er mikilvæg aðgerð til verndar líffræðilegrar fjölbreytni.

VÍN vill vara við því að hugtakið þjóðaráttak sé notað kæruleysislega. Til dæmis á þann hátt að gengið sé út frá því að öll þjóðin standi að baki ákveðinni hugmyndafræði og stjórnvöld veiti því verkefnum fjárhagslegan stuðning. Nú þegar er verulegum fjármunum veitt til skógræktar sem mikill ágreiningur er um. Þjóðaráttak sem ekki verndar lífríki Íslands bætir ekki þar um.

Í tillögunni er miðað við að þátttaka almennings verði tvíþætt, annars vegar með beinni þátttöku í landgræðslu og skógrækt undir leiðsögn Lands og skógar og hins vegar sem aðgerð til kolefnisjöfnunar. Hvernig þetta yrði í raun er ekki ljóst. Miðað við reynslu af starfsemi ýmissa

félagasamtaka í skógrækt eru talsverðar líkur á að tegundanotkun yrði með þeim hætti að náttúrlegu lífríki stafi hætta af og að kolefnisjafna kolefnisspor sitt með slíkum aðgerðum gengur ekki upp.

VÍN vill benda á mikilvægi þess að stjórna landnýtingu og meðferð lands með sjálfbærum hætti þannig að land geti gróið upp sem mest af sjálfsdáðum sem mun síðan draga úr kolefnislosun og auka bindingu. Stjórnun beitara er þar lykilatriði bæði til að auka möguleika á endurheimt birkiskóga þar sem það er æskilegt en einnig til að viðhalda fjölbreyttum verðmætum í gróðri og dýralífi með hóflegri beit.

### Lokaorð


Vinir íslenskrar náttúru eru gagnrýnir á að farið sé í sérstakt þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt eins og það er lagt fram í þingsályktunartillögunni. Verði það gert þarf að tryggja að verkefnið stuðli að verndun líffræðilegrar fjölbreytni, stuðli að endurheimt vistkerfa og sé að öðru leyti í samræmi við náttúruverndarlög og þá alþjóðlegu samninga sem við höfum undirritað um verndun íslenskrar náttúru og jarðvegsvernd. Það er óraunhæft og óheppilegt að tengja þetta áttak við kolefnisjöfnun almennings.

Ef óskað er eftir er VÍN tilbúið til að senda fulltrúa frá félaginu á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að ræða framangreint mál.

Að lokum vill VÍN benda á margar greinar í [greinasafni félagsins](#) til útskýringar og stuðnings þess er kemur fram í þessari umsögn, sérstaklega tvær nýjar greinar sem tengjast málinu beint:

- [Skógrækt er ekki alltaf sjálfsögð sem loftslagsaðgerð](#)
- [Grænbvottur Stjórnarráðsins](#)

Fyrir hönd Vina íslenskrar náttúru



Sveinn Runólfsson, formaður